

Stofnanasamningur

Háskólans á Akureyri (HA) við Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR)

Forsendur röðunar starfa við Háskólann á Akureyri samkvæmt ákvæðum kjarasamnings ofangreinds stéttarfélags og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 7. október 2011, og samkomulags HA og FPR um launaröðun, dags. 25. nóvember 2014.

1. gr.

Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags prófessora við ríkisháskóla hins vegar, dags. 21. desember 2009. Samningurinn nær til allra prófessora við Háskólann á Akureyri sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningnum svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalausú, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

2. gr.

Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum:

- Að röðun í launaflokka sé með hlutlægum hætti og gildandi reglur ríkisháskólanna um stigamat starfsþátta og röðun starfa verði notaðar við ákvörðun launa.
- Að þróun matskerfis verði í höndum vísindanefndar opinberu háskólanna í samráði við prófessora.
- Að stuðla að bættum gæðum háskólastarfsins og standa vörð um frelsi prófessora til sjálfstæðra rannsókna.
Að leitast við að tryggja prófessorum gott og framsækið starfsumhverfi.
- Að prófessorar eigi kost á árangurstengdum kennsluafslætti.
- Heimilt er að veita prófessor kennsluafslátt á grundvelli helgunar í starfi og árangri í kennslu og rannsóknum samkvæmt ákvörðun rektors.
- Að jafnréttisstefna og mannauðsstefna Háskólans á Akureyri séu hafðar að leiðarljósi við launaákvörðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.
- Stefnt er að því að almenn kjör prófessora við HA verði sambærileg kjörum prófessora við HÍ




3. gr.

Röðun starfa í launaflokka

Prófessorar raðast í launaflokka á grundvelli samræmnds stigamats ríkisháskólanna og staðfest er af matskerfisnefnd. Um röðun þessara starfa í launaflokka er fjallað í 6. gr. Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum má skjóta til áfrýjunarnefndar um vinnumat.

4. gr.

Almennar skilgreiningar á rannsóknum, kennslu og stjórnun

Með rannsóknum er átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingaröflunar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti. Kennsla er miðlun þekkingar til nemenda, þjálfun þeirra og umsjón með rannsóknaverkefnum þeirra. Stjórnun/þjónusta tekur til þeirra verkefna sem prófessor sinnir vegna starfs síns innan Háskólans á Akureyri sem ekki er kennsla eða rannsóknir. Þar á meðal eru ýmis störf við að stýra deildum og námsbrautum, störf í nefndum, seta á fundum og vinna við stefnumótun, álitsgerðir og umsagnir á vegum miðlægrar stjórnsýslu, sviðs, deildar eða stofnunar, forsvar fræðigreina og rannsókna og önnur störf tengd þeim, skipulagning kennslueininga og umsýsla vegna nemenda og annarra innan og utan skólans sem ekki telst til beinnar kennslu eða rannsókna.

5. gr.

Starfsskyldur prófessora

- 5.1. Starfsskyldur prófessora við Háskólann á Akureyri skiptast í þrjá meginþætti: Rannsóknir, kennslu og stjórnun. Um vægi starfsþátta fer samkvæmt bókun 4 í miðlægum kjarasamningi FPR og fjármálaráðuneytis dags. 7. október 2011.
- 5.2. Rektor er heimilt að veita prófessor undanþágu frá kennslu- og stjórnunarskyldu í eitt til tvö misseri í senn, til þess að gera honum kleift að verja þeim hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa í samræmi við reglur um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri.
- 5.3. Prófessorar geta sótt árlega um greiðslur úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora samkvæmt reglum sem matskerfisnefnd setur. Skulu þeir skila skýrslu um störf sín fyrir 1. febrúar ár hvert vegna starfa sinna árið á undan.
- 5.4. Háskólinn á Akureyri mun árlega leggja til framlag í sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara og sérfræðinga við Háskólann á Akureyri sem ná afburðaárangri í rannsóknum. Úthlutun úr sjóðnum rennur til fræðasviða. Háskólaráð setur nánari reglur um sjóðinn og úthlutun úr honum (sjá bókun 3).
- 5.5. Prófessorar geta sótt um ferðastyrki samkvæmt reglum sem háskólaráð setur (Ferðasjóður HA), (sjá bókun 4).

6. gr.

Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

- 6.1. Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda byggja á samræmdu stigamati ríkisháskólanna fyrir einstök störf eins og það er á hverjum tíma og staðfest er af matskerfisnefnd.
- 6.2. Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa prófessora á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta samkvæmt staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. samræmt stigamat ríkisháskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.
- 6.3. Próffessorar raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflu 6.1. Í töflum 6.1 og 6.2 og eru stig metin samkvæmt samræmdu stigamati ríkisháskólanna, sbr. grein 3.1. Lágmarksröðun er í launaflokk 13-4 miðað við fullar starfsskyldur.
- 6.4. Röðun prófessora í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 6.1. Próffessorum verði heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsókn- og/eða kennslustig.

Tafla 6.1 launaröðun prófessora skv. samkomulagi um launaröðun frá 25.11.2014

	Rannsóknar stig	Kennslustig	Heildarstig	Launafl.
Prófessor II	270	100	400	14-5
Prófessor III	400	120	600	16-5
Prófessor IV	550	150	900	18-5
Prófessor V	750	180	1200	19-8
Prófessor VI	1000	180	1600	21-5
Prófessor VII	1500	180	2000	21-7

- 6.5. Hámark yfirvinnu á mánuði er eins og fram kemur í töflu 6.2. Próffessor er þó heimilt með skriflegu samkomulagi við yfirmann að kenna umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera. Um þetta skal liggja fyrir skriflegt samkomulag fyrir lok misseris.

Tafla 6.2, yfirvinnuþak

	Yfirvinna alls	Þar af þjónustuyfirvinna
Prófessor I og II	540 klst/ári	allt að 200 klst/ári
Prófessor III	540 klst/ári	allt að 200 klst/ári
Prófessor IV	468 klst/ári	allt að 200 klst/ári
Prófessor V, VI og VII	420 klst/ári	allt að 200 klst/ári

6.6. Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi prófessors. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu svo sem yfirvinnu vegna kennslu er fastur taxti, 0,615% af launaflokki 19-8.

7. gr.

Vinnuskylda m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun/þjónustu minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.




Kröfur um rannsóknastig er byggja á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja ára, minnka hlutfallslega.

Þröskuldur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora vegna rannsókna lækkar hlutfallslega. Kennslustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

8. gr.

Stofnanasamningur þessi gildir frá 01. janúar 2015.

Akureyri 30. júní 2015

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri	Fyrir hönd Félags prófessora við ríkisháskóla
	
 Háskólinn á Akureyri University of Akureyri	

Bókun 1

Leiðsögn með meistaraverkefnum

Fjöldi klukkustunda við leiðsögn með meistaraverkefnum skal ákveðinn af sviði og/eða deild. Þegar meistaránemandi hefur skilað rannsóknaráætlun fær kennari greiddan 1/3 af heildargreiðslu fyrir leiðsögn, 1/3 þegar hann hefur skilað handriti að ritgerðinni og 1/3 þegar nemandi er brautskráður. Sambærilegar reglur gildi um doktorsnema fáa Háskólinn á Akureyri heimild til að brautskrá þá á samningstímabilinu.

Bókun 2

Í kjölfar skilgreiningar á sérstöðu prófessora, sbr. bókun 2 með samkomulagi um breytingar á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra dags. 25.11.2014 raðast þeir einu þrepi ofar en kemur fram í 1. gr. frá 1. apríl 2014. Í því samhengi eru aðilar sammála um að eftirfarandi texti bætist við reglur Háskólans á Akureyri um mat vegna framgangs og nýráðninga.

Sérstakar kröfur til starfs prófessora


Gerðar eru ríkari kröfur til hæfni og reynslu prófessora en annarra háskólakennara. Þeim er ætlað leiðandi hlutverk í akademískum málefnum háskóla í sínum fræðigreinum.

Þegar um er að ræða umsókn um starf prófessors við Háskólann á Akureyri skal leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi til viðbótar við lágmark stiga fyrir rannsóknir, kennslu og aðra þætti samkvæmt matskerfi opinberra háskóla:

1. Rannsóknir og nýsköpun. Að umsækjandi sé leiðandi í rannsóknum sínum og hafi sýnt með ótvíræðum hætti fram á frumkvæði, frumleika og sjálfstæði. Að umsækjandi njóti viðurkenningar fyrir fræðistörf sín, sé í virku samstarfi við sérfræðinga á fræðasviðinu, og hafi birt áhrifamikil vísindaverk á ritryndum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Að umsækjandi hafi, eftir því sem við á, stuðlað að nýtingu afurða rannsókna sinna, hafi stýrt rannsóknaverkefnum og aflað fjármuna til rannsókna sinna frá samkeppnissjóðum innanlands og utan.

2. Kennsla. Umsækjandi skal hafa sýnt fram á hæfni í kennslu og getið sér gott orð sem kennari. Þá skal sérstaklega líta til þess hvort umsækjandi hafi umtalsverða reynslu af leiðbeiningu nemenda í meistara- og doktorsnámi, meðal annars sem aðalleiðbeinandi.

3. Stjórnun og þjónusta. Gera skal ríka kröfu um reynslu af stjórnunar- og þjónustustörfum, einkum innan háskóla og gagnvart fræðasamfélaginu, auk reynslu af faglegri þjónustu og þekkingarmiðlun til samfélagsins. Þá skal umsækjandi hafa með fyrri störfum sínum sýnt fram á ríka samskiptahæfileika og metnað fyrir hönd Háskólans á Akureyri í samræmi við stefnu hans.



Bókun 3

Háskólinn á Akureyri mun starfrækja sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við háskólann sem ná afburða árangri í rannsóknum (sbr. reglur um starfskyldur við HA).

Háskólaráð mun setja reglur um sjóðinn og úthlutun úr honum með hliðsjón af reglum um sambærilegan sjóð í Háskóla Íslands. Úthlutun úr sjóðnum er til fræðasviða HA með hliðsjón af rannsóknavirkni á hverju sviði. Háskólaráð/stjórn sjóðsins ákveður árlega hvernig fjármagni er úthlutað í samræmi við úthlutunarreglur og er gert ráð fyrir að ráðstöfun sjóðsins geti legið fyrir í september og gildi þá fyrir árið 2015 og 2016. Háskólinn á Akureyri mun ráðstafa til sjóðsins 7,2 m.kr. á árinu 2015 og á árinu 2016 hækkar upphæðin í 9 m.kr.

Háskólaráð setur reglur um sjóðinn og úthlutun úr honum.

Bókun 4

Háskólinn á Akureyri mun koma á fót ferðasjóði sem ætlað verður að styrkja fastráðna kennara (prófessora, dósentar og lektora) í fullu starfi sem hlotið hafa hæfisdóm. Um þennan sjóð munu gilda sambærilega reglur og gilda um Sáttmálasjóð hjá HÍ. Háskólaráð Háskólans á Akureyri setur reglur um sjóðinn og úthlutun úr honum. Háskólinn á Akureyri ráðstafar 8,4 m.kr. til sjóðsins á árinu 2016.

